

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 259/2019

frá 25. október 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 287, 21.10.2016, bls. 320.
- 2) Reglugerð (ESB) 596/2014 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB ⁽²⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 ⁽³⁾ og tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB ⁽⁴⁾, 2003/125/EB ⁽⁵⁾ og 2004/72/EB ⁽⁶⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar brott úr samningnum.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 29a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB):

„**32014 0596**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB, (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 287, 21.10.2016, bls. 320.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki,

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

(3) Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 33.

(4) Stjtið. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 70.

(5) Stjtið. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 73.

(6) Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70.

til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.

- b) Vísanir í aðrar lagagerðir í reglugerðinni teljast eiga við, að því marki og með þeim hætti sem þær gerðir hafa verið teknar upp í EES-samninginn.
 - c) Skilja ber tilvísanir til „aðila að seðlabankakerfi Evrópu“ þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni.
 - d) 13. gr.:
 - i) í annarri undirgrein 6. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“ [Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin],
 - ii) í 10. mgr. er orðunum „og Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“,
 - iii) í 11. mgr. hljóða orðin „2. júlí 2014“, að því er EFTA-ríkin varðar, sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2019 frá 25. október 2019“.
 - e) Í 22. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
 - f) Í 1. og 2. mgr. 24. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
 - g) 25. gr.:
 - i) í fyrstu og fjórðu undirgrein 1. mgr., 5. mgr. og annarri undirgrein 7. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“,
 - ii) önnur undirgrein 1. mgr. gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin,
 - iii) í 7. mgr. orðast „258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“, hvað EFTA-ríkin varðar, sem „31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“.
 - h) Í 1. mgr. 30. gr. hljóða orðin „3. júlí 2016“ sem „á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2019 frá 25. október 2019“.
2. Texti liðar 29aa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003), liðar 29ab (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB), liðar 29ac (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB) og liðar 29c (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 287, 21.10.2016, bls. 320, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.